

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Eskifirði



Dags eftirlits	24.9.2013	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST		
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0	
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Freyr Guðmundsson	Staðsetning	733478,28	517684,715

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi stöðvarinnar, og eldra frávik hefur nú verið lokað eftir að skýrsla um verklok barst frá eftirlitsaðila með framkvæmdum með þéttingu þróarinnar.

Engar athugasemdir voru gerðar við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Komið var í olíubirgðastöðina og byrjað á að skoða skráningar og önnur gögn. Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Eskifirði, skráningar á mælingum, eftirliti og viðhaldi sem kröfur eru gerðar um. Skráningar voru í góðu lagi.

Framkvæmdir stóðu yfir við viðgerð á annarri þró um geyma félagsins. Verkfræðistofan Mannvit, sem hefur eftirlit með framkvæmdum við þróna, tilkynnti seint í ágúst að þróin væri orðin olíuheld þótt enn stæðu framkvæmdir yfir við að steypa nýjan botn í þróna. Nú hyllir undir að viðgerðum á þrónni ljúki en unnið var við steypuvinnu þegar komið var í eftirlit. Gefinn var frestur til 31. október 2013 til þess að ljúka viðgerðum á þrónni. Tilkynning um verklok barst Umhverfisstofnun 21. október sl. og fellur eftirfylgni með þessu frávikum því niður.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þær), olíuskiljur og fráveitumál. Tilskildar botnþykktarmælingar á geymum og þrýstiprófanir á lögnum voru í lagi. Verksmiðjulögn var endurnýjuð á árinu.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Sýni var tekið í brunni neðan olíubirgðastöðvarinnar og var það prófað með Macherey Nagel olíuprófi. Ekki mældist olía í frárennslinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 29.10.2013

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.